



Handhafi kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2022

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2022 hlýtur íslenska kvikmyndin *Dýrið* eftir handritshöfundana Sjón og Valdimar Jóhannsson, leikstjórann Valdimar Jóhannsson og framleiðendurna Hrönn Kristinsdóttir og Sara Nassim.

Í *Dýrinu* skapar Valdimar Jóhannsson einstaka frásögn um missi, sorg og hrylling. Þessi afar frumlega saga tekst á við sígild viðfangsefni um samskipti manns og náttúru og þær afleiðingar sem það getur haft að ögra þeim krafti sem í henni býr. Hún fjallar líka um þá fegurð og grimmd sem felst í foreldrahlutverkinu og hvernig við erum reiðubúin að grípa til örþrifaráða til að verja þá hamingju sem okkur finnst við eiga tilkall til.

Upplifunin af kvikmyndinni er í senn truflandi og sérstæð. Næmni dýra fyrir jafnvel smæstu frávikum í umhverfinu er notuð með afar áhrifaríkum hætti til að skapa andrúmsloft undirliggjandi ógnar. Þetta er undirstrikað á meistaralegan hátt með gaumgæfinni kvikmyndatöku og uggvekjandi hljóðheimi.

Hárbeitt notkun á fáum en merkingarþrungnum þáttum skapar andrúmsloft yfirvofandi hættu, svo úr verður ágeng stemning og áhrifamikil kvikmyndagerð.

Dýrið er tilkomumikil frumraun Valdimars Jóhannssonar leikstjóra.

Titill á frummáli: *Dýrið*

Titill á ensku: *Lamb*

Leikstjóri: Valdimar Jóhannsson

Handritshöfundar: Sjón og Valdimar Jóhannsson

Framleiðendur: Hrönn Kristinsdóttir og Sara Nassim